



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

STARFSLEYFI

fyrir sérskóla (Tungumálaskólinn) að Skeifunni 11C, F2023359, rými 03 0301 og F2023357, rými 03 0201.

Nafn leyfishafa: Tungumálaskólinn ehf

Heimilisfang: Skeifan 11b, 108 Reykjavíkurborg

Kennitala: 591007-1220

Gildir frá: 5. mars 2026

Gildir til: 5. mars 2038

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga, einnig laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfisskilyrða sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með Samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir skóla og kennslustaði ætluðum börnum og fullorðnum 6 eða fleiri.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Heimilt er að endurskoða starfsleyfi þegar þörf krefur. Leyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Reykjavík, 5. mars 2026


Tómas Guðjónsson
HEILBRIGÐISEFTIRLIT
REYKJAVÍKUR



Tungumálaskólinn ehf.

kt. 591007-1220

Skeifan 11B

vegna sérskóla í starfstöð fyrirtækisins að Skeifunni 11C.

Málsmeðferð er í samræmi við ákvæði í 9. gr. reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti.

Dags. umsóknar. Sjá kafla 1. hér að neðan.	23.01.2026
Rekstraraðili, kt.	Tungumálaskólinn ehf. kt 591007-1220
Heiti fyrirtækis	Tungumálaskólinn
Staðsetning starfsstöðvar, fasteigna- og rýmisnúmer.	Skeifan 11C. F2023359 og F2023357, rými 0201 og 0301
Tegund starfsemi	Skólahúsnæði, vísað í 41. tölulið í viðauka við reglugerð nr. 903/2024
Tilfni umsóknar	Flutningur í nýtt húsnæði; stækkun
Staðfesting á samþykki byggingarfulltrúa og samræmi við skipulag. Sjá kafla 2. að neðan.	Staðfesting barst með umsókn
Dags. birtingar auglýsingar, efni tillögunnar, hvar hún var birt og frestur til athugasemda. Sjá kafla 4. hér að neðan.	02.02.2026. Í tillögunni er lagt til að um starfsemina gildi samræmd starfsleyfisskilyrði fyrir skóla og kennslustaði ætluðum börunum eða fullorðunum 6 eða fleiri. Auglýsing var birt á vefsíðu HER
Athugasemdir sem bárust. Hafi athugasemdir borist er gerð grein fyrir þeim í kafla 5. hér að neðan.	Engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma
Hafi verið gerðar breytingar á tillögu að starfsleyfi frá auglýstri tillögu er gerð grein fyrir því í kafla 6. hér að neðan.	Engar breytingar voru gerðar á auglýstri tillögu að starfsleyfi
Afgreiðslufundur nr., dags. og afgreiðsla. Sjá kafla 7. hér að neðan.	Umsóknin var lögð fyrir 1896, afgreiðslufundur HER þann 05.03.2026. Samþykkt að veita starfsleyfi til 12 ára



1. Móttaka á umsókn

Umsókn rekstraraðila um starfsleyfi barst Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur. Umsókn var metin fullnægjandi. Móttaka umsóknar var auglýst á vef heilbrigðiseftirlitsins <https://reykjavik.is/heilbrigdiseftirlit/motteknar-umsoknir-um-starfsleyfi>.

2. Samræmi við skipulag og heimila notkun húsnæðis

Samkvæmt 8. gr. reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti skal rekstraraðili sýna fram á að samþykki byggingarfulltrúa liggja fyrir og starfsemin standist skipulag. Með umsókninni barst staðfesting byggingarfulltrúa á ofangreindu.

3. Opinber auglýsing á starfsleyfistillögu

Skv. ákvæði 9. gr. reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti skal útgefandi starfsleyfis auglýsa opinberlega á vefsíðu sinni tillögu að starfsleyfi, þ.e. hvers efnis hún er og hvar megi nálgast tillöguna. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögu útgefanda að starfsleyfi innan fjögurra vikna frá auglýsingu.

Tillaga að starfsleyfi er auglýst á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins <https://reykjavik.is/starfsleyfi-i-auglyssingu-samkvaemt-reglugerd-nr-9032024>.

4. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma

Engar athugasemdir bárust við auglýsta tillögu að starfsleyfi.

5. Breytingar á tillögu að starfsleyfi

Engar breytingar voru gerðar á tillögu að starfsleyfi frá auglýstri tillögu.

6. Ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um útgáfu starfsleyfis

Í samræmi við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, nr. 1020/2019, nánar tiltekið viðauka 2.2 sem fjallar um embættisfærslur framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar, var ofangreind starfsleyfisumsókn lögð fyrir afgreiðslufund Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.



7. Kæruleið og kærufrestur

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til úrskurðarnefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar, sbr. 5. gr. ofangreindra laga. Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

Dags. 13.05.2026

Jóhanna Margrét Haraldsdóttir

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur